

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Fossvogshverfi - Stjörnugróf 7-11.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 22. nóvember 2018, breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis vegna lóðanna nr. 7-11 við Stjörnugróf. Í breytingunni felst m.a. afmörkun lóða fyrir Stjörnugróf 7 og 9 og að gerð er ný lóð fyrir Stjörnugróf 11 þar sem heimilt verður að byggja íbúðarkjarna fyrir fatlaða einstaklinga á vegum velferðarsviðs Reykjavíkur. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagið öðlast þegar gildi.

Sólvallagata 67.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, þann 7. desember 2018, breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 67 við Sólvallagötu, Vesturbæjarskóli. Í breytingunni felst m.a. stækkun á lóð, Vesturvallagata er lögð af sem akstursgata milli Hringbrautar og Ásvallagötu, svæði bætist við lóðina, fjögurra metra gönguleið milli skólalóðar og lóðanna Ásvallagötu 81 og Hringbrautar 112-114 og girðing meðfram lóðarmörkum á stækkun lóðar skal vera að hámarki 1,2 m á hæð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 20. desember 2018.

Björn Axelsson.